



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hagaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

Leiðarljós leikskólans.....	3
Greinagerð leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	3
Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
Innra mat hagaborgar	7
Umbótaáætlun hagaborgar 2024-2025	9
Innra mat Álfalands	11
Innra mat Krílalands 2023-2024	13
Innra mat Putalands 2023-2024.....	16
Innramat Drekalands Veturinn 2023-2024	18
Innra mat Fiskalands 2024-2025	21
Innra mat fuglalands veturinn 2023-2024.....	24
Innra mat sérkennslu	27
Innra mat- Börn með fjölbreyttan Tungumála- og menningarbakgrunn	29
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	30
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	32
Foreldrasamvinna	32
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	34
Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Hagaborgar 2024/2025	38



Virðing - Vinátta - Hugrekki



GREINAGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA OG AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRA

Starfsárið sem senn er á enda hefur verið ansi líflegt hjá okkur. Haustið byrjaði með hefðbundinni aðlögun nýrra barna. Erfiðlega gekk að fá starfsfólk síðasta haust og vorum við í faliðunarferli nær alveg fram að áramótum. Í desember var farið að skoða innivistarmál Hagaborgar og var verkfræðiskrifstofunni Cowi, áður Mannvit, falið að fara yfir húsið hjá okkur. Í ljós kom að mygla greindist undir gólfduík en ekki í ryksýnum sem tekin voru. Auk þess



var rör á háalofti tært í sundur sem olli því að ólykt var á efri hæðinni. Farið var í mótvægisáðgerðir til að bæta innivistina. Heilþrif höfðu ekki verið gerð innanhúss síðan fyrir Covid tímabilið og því komin tími á allsherjar þrif. Í Hagaborg er bæði kjallari og háaloft þar sem ýmislegt hafði safnast saman í gegnum árin. Því var nær öllu fargað, þrifið og málað. Skipt var um rörið á háaloftinu og þar þrifið og skipt um einangrun. Þá var tækifærið notað og farið yfir leikfangakost og önnur kennslugögn í húsinu. Það sem var orðið slitið og úrelt fékk einnig að víkja. Þá hafði leikskólastjóri rætt um að bæta þyrfti hljóðvist í húsinu og voru sett svokölluð kerfisloft upp í nokkrum rýmum. Fara þurfti í meiri mótvægisáðgerðir á einni deildinni, Fisklandi og var hún lokuð nær allan tímann frá áramótum þar til í lok ágúst. Þá fékk fataherbergi starfsmanna yfirhalningu. Fjarlægður var skápur úr rýminu, upprunaleg sturtuaðstaða fjarlægð og gólfið flotað á eftir. Reglulega á að taka ryksýni til að fylgjast með innivistarmálunum í Hagaborg.

Af ofangreindu má sjá að nóg hefur verið um að vera hjá okkur auk hefðbundins leikskólastarfs. Fiskaland flutti að hluta til upp í salinn okkar sem var útbúin sem deild auk þess sem nokkur fóru sem aukabörn á aðrar deildir. Allt þetta hefur haft mikið brölt í för með sér. En að sama skapi hefur þetta aukið samvinnu og útsjónarsemi starfsfólks í húsinu.



Síðasta haust gerðum við skipulagsbreytingu hjá okkur varðandi matinn og tókum inn Skólamat í stað þess að hafa matráð. Grandaborg og Hagaborg áttu að vera saman með aukahúsið og ljóst að stærð eldhússins myndi ekki geta matreitt fyrir 123 börn auk starfsmanna. Sérþæði hefur aukist með auknum barnafjölda og orðið flókið að elda marga mismunandi rétti auk hefðbundins matar. Þetta hefur gefist vel og dregið úr álagi á stjórnendur leikskólans. Ársáætlun Hagaborgar var haldið til streitu en minna varð úr að leggjast í námskráargerð vegna starfsmanneklu og innivistarmálanna. Við ígrunduðum hins vegar leikinn og hlutverk fullorðinna. Einnig notuðum við tækifærið þegar þrífín voru og tiltektin að rýna sérstaklega í hvað það væri sem við vildum stefna að varðandi umhverfi leiksins á komandi árum. Næsta vetur mun Hagaborg taka yfir aukahúsið rekstrarlega séð en svo heppilega vill til að starfsfólk og börn Grandaborgar verða áfram þar með sitt góða starf. Mikil frjósemi hefur verið meðal starfsfólks Hagaborgar og þar á meðal er aðstoðarleikskólastjóri Hagaborgar. Sérkennslustjóri Grandaborgar, Karen G. Elísabetardóttir mun hlaupa í hennar skarð þegar á líður og leggja okkur lið við gerð nýrrar námskrár. Grandaborg hefur verið í þróunarstarfinu „leikur, nám og gleði“ ásamt Ægisborg og Gullborg. Því verður haldið áfram og munum við njóta góðs af því við gerð nýrrar námskrár Hagaborgar þar sem leikurinn verður miðja hennar.

Í vor fór hluti starfsmannahópsins í námsferð til Dublin þar sem meðal annars var skoðaður leikskóli, sat námskeið í núvitund og eitthvað var verslað líka. Hópurinn sem var hér heima fór í leikskólaheimsókn og fékk fyrirlestur frá Miðju máls og læsis.



Það er góður andi í húsinu og gott loft líka ! Komandi vetur býður upp á mörg skemmtileg tækifæri fyrir okkur varðandi þróun starfsins og gerð nýrrar námskrár. Stór barnahópur mun hefja vistun hér í haust, ein 52 börn og verður gaman að kynnst þessum nýjum einstaklingum. Þá er barnahópurinn töluvert yngri en við erum vön og fróðlegt verður að sjá hvernig hann mun eldast saman.

Erna Guðlaugsdóttir leikskólastjóri


Bryndís Hanna Hreinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri



Ytra mat

Viðhorfskönnun

Í október var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Viðhorfskönnunin var líka lögð fyrir starfsfólk í fyrra og því var hægt að bera saman niðurstöður milli ára. Könnunin var byggð á níu mismunandi þáttum en meginmarkmið með könnuninni var að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi leikskólans. Samtals tóku 14 starfsmenn Hagaborgar þátt í könnuninni sem er aukning frá því í fyrra. Hagaborg var með 4,09 í heildareinkunn (af 5 mögulegum) í viðhorfskönnunni. Þegar niðurstöðurnar voru bornar saman við fyrra ár þá hækkaði heildartala Hagaborgar um 0,14 stig. Samanburður á þáttum Hagaborgar við aðrar starfstöðvar Reykjavíkurborgar og starfstöðva á sama sviði má sjá hér að neðan (mynd 1).



Mynd 1. Samanburður á þáttum Hagaborgar við aðrar starfstöðvar Reykjavíkurborgar og starfstöðva á sama sviði.

Líkt og niðurstöður sýna þá var Hagaborg að skora hæst í þættinum *stjórnun* (4,47) en lægst skoraði liðurinn *launakjör* (2,64).



Þegar rýnt var nánar í helstu niðurstöður þá kom í ljós að hæstu einkunnir Hagaborgar tengdust stjórnun, starfsanda og ímynd á meðan lægstu einkunnir tengdust vinnuskilyrðum og launakjörum. Sjá mynd að neðan (mynd 2).


Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Leikskólinn Hagaborg

Hæstu 5



Lægstu 5



Mynd 2. Helstu niðurstöður Hagaborgar: Fimm hæstu og lægstu einkunnir.

Ljóst er að það er alltaf rými og tækifæri til að gera betur en ánægjulegt var að sjá að starfshópurinn virðist vera ánægt með stjórnun, starfsanda og jafnrétti skólans. En síðasta vetur lögðu stjórnendur skólans aukna áherslu á að virkja stjórnendateymið vel og einblína á trausta og góða samvinnu. Það var því ánægjulegt að sjá hækkun á milli ára í þeim liði. Hvað varðar starfsanda og jafnrétti verður það að teljast afar jákvætt að leikskólinn sé að fá góðar niðurstöður enda eru þetta þættir sem hafa mikil áhrif á starfið alla daga.

Þeir þættir sem voru að koma verst út voru tengdir húsnæðismálum en töluverðar framkvæmdir hafa verið síðasta vetur í skólanum bæði hvað varðar loftgæði og hljóðvist. Þá kom liðurinn launakjör verst út en því miður hefur starfsstaðurinn takmarkað vald yfir þeim þætti.



INNRA MAT HAGABORGAR

Á starfsdegi í vor fengu allar deildir eyðublað með spurningum varðandi sjálfsprottinn leik, útiveruna, faglegt starf og smiðjuvinna í leikskólanum. Markmiðið var að fá umræður og endurgjöf frá öllu starfsfólki skólans um helstu styrkleika skólans hvað varðar þessa þætti og eins hvað mætti betur fara.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats:
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til sjálfsprottins leiks.	Á starfsdegi og deildarfundum.	Starfsfólk skólans.	<p><i>Styrkleikar:</i> Starfsfólk virðist vera meðvitað um mikilvægi leiksins og þar af leiðandi meira rými fyrir leikinn í dagskipulagi.</p> <p><i>Tækifæri til umbóta:</i> Þörf á að endurskoða leiksvæði og endurnýja efnivið og leikefni. Virkja starfsfólk betur t.d með aukinni fræðslu.</p>
Útiveran	Á starfsdegi og deildarfundum.	Starfsfólk skólans.	<p><i>Styrkleikar:</i> Börnin virðast upplifa útiveruna á jákvæðan hátt og sækjast eftir því að vera í útiveru.</p> <p><i>Tækifæri til umbóta:</i> Þarf að fara í vinnu og skoða leiksvæðið betur og efnivið. Virkja starfsfólk betur og nýta nærumhverfi betur.</p> <p>Auka faglegt starf í útiverunni, auka áherslu á virkni og hreyfingu í gegnum leiki og brautir. Auka fræðslu um útinám og mikilvægi hreyfingu.</p>
Faglegt starf: Samverustundir og hópastarf.	Á starfsdegi og á stjórnendateymisfundum.	Starfsfólk skólans.	<p><i>Styrkleikar:</i> Allar deildir með hópastaf en mismunandi eftir deildum hvernig það er unnið. Þá eru flestar deildir farnar að skipta barnahópunum í tvennt í samverustundum til að ná betur til barnanna.</p> <p><i>Tækifæri til umbóta:</i> Hafa skýrari markmið í hópastarfinu og fá meiri samvinnu milli deilda.</p>



<p>Smiðjur í Hagaborg</p>	<p>Stjórnendateymisfundir og deildarfundir</p>	<p>Starfsfólk skólans.</p>	<p><i>Styrkleikar:</i> Almennt mikil ánægja með smiðjudagana okkar. Gekk vel að skipta smiðjunum eftir aldri. Mikil samvinna sem skilaði sér í góðri vinnu til barnanna.</p> <p><i>Tækifæri til umbóta:</i> Virkja allt starfsfólk betur og gefa okkur meiri tíma í að undirbúa smiðjurnar.</p>
----------------------------------	--	----------------------------	---



UMBÓTAÁÆTLUN HAGABORGAR 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR /MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur. Móttaka nýliða:	Efla móttöku nýliða og nýta þau verkfæri sem eru til staðar hjá Rvk.borg. (Torgið og önnur fræðsla sem er til).	Fylgja betur eftir verkalagi hvað varðar móttöku á nýjum starfsmönnum. Uppfæra nýliðahan d-bók skólans reglulega.	Stjórn-endur	Haut 2024	Vor 2025	Farið yfir verklag reglulega á teymisfundum. Rýnihópar um hvernig gengur hjá nýju starfsfólki að komast inn í starfið.	Allt starfsfólk skólans fái góða nýliðafræðslu og ljúki námskeiðum á Torginu sem tengjast starfinu.
Veikindi	Að minnka veikinda-hlutfall .	Viðveruste fna Rvk.borgar . Auka ánægju og gleði í starfi.	Stjórn-endur	Haut 2024	Vor 2025	Taka saman fjarvistir og vinna markvisst með Bradford kvarðann.	Að veikinda-hlutfall hafi minnkað frá maí 2023.
Skólanámskrá, starfsáætlun og læsisstefna.	Námskrá endurnýjuð og læsisstefna skólans yfirfarin.	Unnið með markvisst á skipulagss dögum og fundum.	Stjórnend ateymi	Haut 2024	Vor 2025	Teymisvinna og unnið saman úr niðurstöðum.	Námskrá og læsisáætlun sýnileg í daglegu starfi alla daga.
Uppeldis- og menntastarf							
Útivera og virkni starfsfólks.	Virkja starfsfólk betur í útiveru og vinna eftir svæðis-skiptingu á útisvæði.	Vera með vikulegt skipulag sem rúllar á milli deilda. Allt starfsfólk er í vestum alltaf!	Stjórnend ateymi	Haut 2024	Vor 2025	Farið yfir reglulega á fundum hvernig gengur.	Að starfsfólk hafi góða yfirsýn yfir barnahópin í útiveru og sé sýnilegt bæði fyrir foreldrum og börnum.
Útivera og hreyfing	Auka áherslu á útinám og skapa tækifæri til að efla	Efla þekkingu og virkni starfsfólks um útinám og	Stjórnend ateymi.	Haut 2024	Vor 2025	Setjum markmið í hverjum mánuði um hverju skal stefnt.	Að það sé til námsefnabanki sem allir geti nýtt sér. Þekking og virkni aukist.



	hreyfiproska barnanna markvisst.	mikilvægi hreyfingu barna.				Reglulegir fundir um efnið.	
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til sjálfsprottins leiks.	Skapa fleiri tækifæri í náms-umhverfinu til sjálfssprottn leiks. Auka fræðslu um sjálfs-sprottin leik og mikilvægi hans sem námsleið	Fyrir-lestrar, umræður á deildum. Skoða umhverfið, kveikjur og hvernig við komum að leiknum.	Stjórnend ateymi.	Haust 2024	Vor 2025	Setjum markmið í hverjum mánuði um hverju skal stefnt. Bæði myndrænar og skriflegar skráningar. Rætt á deildarfundum reglulega.	Starfsfólk þekki betur til sjálfsprottins leiks. Samstarf milli deilda verði markvisst til að nýta leikefni, efnivið og hugmyndir á milli deilda.
Faglegt starf og málörvun á deildum. Innleiða Lubbi finnur málbein.	Efla faglegt starf inn á deildum og að málörvun sé sinnt á markvissan hátt.	Fá fræðslu.	Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Á reglulegum deildarfundum .	Að fagleg málörvun sé inn á öllum deildum og að samvinna sé til staðar milli deilda og sérkennslu.
Mannauður /Leikskóla-bragur							
Þekking á birtingarmyndum ofbeldis	Efla forvarnir meðal barna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.	Allt starfsfólk sækja námskeið á vegum fjölskyldu og barnastofu	Stjórnendur	Haust 2024		Að allir sem vinna í skólanum séu búnir að sitja námskeiðið.	Að starfsfólk sé vel upplýst um birtingarmyndir ofbeldis barna.
Menning og viðmót: Ánægja, gleði og vellíðan starfsfólks.	Að efla samvinnu og hópefli. Auka gleði, vellíðan og ánægju starfsfólks. Jákvæður andi og gleði ríkjandi í Hagaborg.	Vinna markvisst að vellíðan starfsfólks. Auka hópefli og samvinnu starfsfólks. Fá fyrir lestrar um gleði, húmor og jákvæðan vinnuanda	Stjórnend ateymi og allt starfsfólk skólans.	Haust 2024	Vor 2025	Á starfsdögum og fundum. Búa til skemmtinefnd og taka reglulegt „spjall“ við starfsfólk um ánægju og vellíðan í starfi.	Að samvinna sé til fyrirmyndar og að starfsfólki líði vel í vinnunni.
Innra mat							



Starfið á Álfalandi var ánægjulegt og gefandi í vetur en á deildinni voru alls 16 börn fædd 2021-2022. Aðlögun gekk vel fyrir sig enda starfsmannahópurinn á deildinni vel samstilltur og skipulagður. Á deildinni störfuðu tveir deildarstjórar sem skiptu verkum sín á milli.

Á Álfalandi var dagskipulagið fljótt komið í fasta rútinu sem bæði starfsfólk og börn deildarinnar þekktu vel. Tvær samverustundir voru fyrir hádegið og svo önnur fyrir síðdegishressingu. Í samverustundunum hefur verið lögð áhersla á að syngja lög, lesa bækur, hlusta á sögur og æfa sig að sitja kyrr. Það hefur gengið mjög vel hjá hópnum. Á Álfalandi er einnig mikið lagt upp úr því að börnin fái tækifæri til að sýna sjálfstæði til dæmis í fataklefa, við matarborðið og í leik inn á deild.

Öðrum námssviðum hefur einnig verið gerð skil svo sem að efla fínhyringar með því að teikna, mála, púsla og leira. Eins leggjum við alltaf mikið upp úr því að kenna börnunum góð félagsleg samskipti og eins notuðum gefðu „10“ reglulega fyrir öll börn á deildinni.



Hvað varðar grófhreyfingar þá nýttum við salinn uppi þegar hann var til staðar (vegna framkvæmda innanhús var hann lokaður eftir áramót), fórum út flest alla daga og spiluðum við tónlist og dönsum mikið inn á deild. Barnahópurinn á Álfalandi var virkilega samstilltur og góður hópur enda starfsfólk deildarinnar sammála um að veturinn hafi verið einstaklega ánægjulegur.



Umbótaáætlun Álfalands 2024-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfspröttinn leikur	Bæta leik-og efnivið inn á deildina. Virkja starfsfólk til þess að ígrunda þátttöku starfsmanna í leik.	Sjá áhugasvið barnahópsins, gera betra skipulag fyrir leikföng svo að börnin hafi betra aðgengi að þeim. Veita starfsfólki fræðslu.	Stjórnendur og deildarstjóri.	Sept 2024	Ágúst 2025	Með skráningum og umræðu inn á deild.	Að efla flæði og sköpun barna í gegnum leikinn.
Málörvun og faglegt starf. Vinna markvisst með sjónrænt skipulag.	Hafa markvissar málörvunarstundir í dagskipulagi. Vinna með sjónrænt skipulag í samverustundum.	Vera með gott skipulag og virkja allt starfsfólk deildarinnar til að taka þátt og koma með hugmyndir fyrir stundirnar.	Deildarstjóri og sérkennsla.	Sept 2024	Ágúst 2025	Með skráningum og samtölum.	Að öll börnin á deildinni fá skipulagðar málörvunar stundir reglulega.



Greinagerð deildarstjóra um starfið veturinn 2023-2024.

Krítaland er lítil deild með pláss fyrir 15 börn og þar starfa þrjú kennarar. Veturinn einkenndist af miklum breytingum á barnahóp, aðlögunarhæfni og sveigjanleika inn á deild. Það hefur þó gengið mjög vel í vetur og erum við með sérlega skemmtilegan barnahóp og öflugt starfsfólk. En við leggjum mikla áherslu á góð samskipti við börn og foreldra. Töluverð breyting var á barnahópnum þennan vetur, mörg börn fluttu um miðbik vetrar og þá færðust ný börn inn í staðinn. Eins þurfti að loka annarri deild í húsinu vegna viðgerða í mars og þá komu tvö börn yfir til okkar. Núna í maí 2024 eru 15 börn á deildinni, 9 fædd 2020 og 6 börn fædd 2021.

Dagskipulagið okkar er komið í fasta rútinu- þ.e.a.s. fyrst á morgnana þegar þau koma inn er þeim boðið upp á að borða morgunmat eða gera eitthvað rólegt, t.d. skoða bók eða lita. Þau fara svo yfir í frjálsan leik fram að morgunsamveru/ávaxtastund. Þar er þeim skipt í tvo samveruhópa, annar hópur (inni í herbergi) í samveru þar sem sérstök áhersla er lögð á málörvun. Tvisvar í viku kemur kennari frá sérkennsludeild og sér um þessar málörvunarstundir. Eftir samveru er farið í útiveru. Börnin koma inn um 11 leytið, fara þá öll saman í samveru fyrir hádegismat. Hvíldin er u.þ.b. 35 til 40 mín. Sum börn mega sofa en önnur ekki. Hvíldin breytist gjarnan mikið frá hausti til vors, tíminn sem þau sofa styttest og við förum meira að hlusta á sögur og ævintýri en á haustin eru hlustað á rólega tónlist (hugleiðslutónlist). Eftir hvíld og fram að síðdegishressingu er frjáls/sjálfsprottinn leikur inni eða útivera. Við leggjum mikla áherslu á útiveru, börnin fara alltaf út fyrir hádegi á hverjum degi, eru oftast inni eftir hvíld í frjálsum leik og enda svo í útiveru í lok dags þar sem þau verða sótt.

Málörvun. Samverustundir eru 2-3x á dag. Um klukkan hálf tíu á morgnana var börnunum skipt í tvo hópa (eldri hóp og málörvunarhóp). Þá er ávaxtastund og sungin lög og/eða lesin bók. Því næst útivera til 11.00 og þá öll saman í samverustund fyrir hádegismat. Stundum er höfð samvera fyrir síðdegishressingu, en það fer eftir aðstæðum hvern dag. Það er mun betra að skipta börnunum í tvo samveruhópa, þau taka betur eftir og það er meiri ró. Við notum ýmis spil sem við grípum í t.d. oft eftir síðdegishressingu, börnin hafa mjög



gaman af spilum auk þess sem þau eru frábær tól í málörvun. Við notumst mikið við myndrænt dagskipulag og sérstaklega dugleg að sýna og nota það á haustin fyrir börn sem eru í aðlögun og einnig gott fyrir tvítyngd börn. Eins notum við t.d myndrænt kerfi með „Bínu“ þar sem við æfum t.d að „hafa hendur hjá sér“ í samveru.

Salurinn, hreyfing

Síðastliðið vor var ákveðið að leggja niður Leikur að Læra (LAL) í hefðbundnu formi en áfram eru deildir að nýta salinn einu sinni í viku í frjálsan leik. Áfram er hægt að nýta þann efnið sem LAL hefur upp á að bjóða en við leyfum þeim að vera alveg í frjálsum leik í salnum. Mest eru notaðar dýnur, boltar, klifurgrind og hringir ásamt öðru.



Sjálfspróttinn leikur. Flest leikföngin eru aðgengileg fyrir börnin til að ná í sjálf. Við leyfum þeim og hvetjum þau til að velja hvað þau vilja leika með og ná í sjálf eða bent á myndir af leikföngum sem þau vilja fá. Það sem er geymt í efri hillum eru hlutir eins og perlur, lego og fleira sem kennarar þurfa að vera með í, en það er almennt vegna aldurs barnanna (2-3 ára). Almenna reglan er að ganga frá eftir sig áður en þau í eitthvað annað, en oftast eru þau í flæði um alla deildina þar sem ýmis leikföng eru uppi við og þau fara á milli staða. Hópurinn í vetur unir sér best í hlutverkjaleikum og fara í búninga við hvert tækifæri og nota eldhús og dúkkur einnig mjög mikið.



Það eru ákveðnir tímar dags sem kennarar stýra alveg hvað má hafa t.d. þegar þau hafa klárað hádegismat má eingöngu ná í bók eða púsl þangað til að hvíldin byrjar. Við höfum bætt aðgengi þeirra að nánast öllum leikföngum og sett í þeirra hæð og merkt þannig að þau geti náð í sjálf. Bækur eru einnig alltaf aðgengilegar fyrir börnin. Einnig er gott aðgengi að litum, skærum, og fleira í þeim dúr. Og við hvetjum þau eindregið til að ná sjálf í það sem langar að gera.





Sólrún Ingvadóttir, deildarstjóri Krílalands.

Umbótaáætlun Krílalands fyrir veturinn 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Frjálsari sköpun. Almennt minni stýring kennara á hvað eigi að gera.	Safna meiri efnivið úr náttúru sem börnin geta skapað úr sjálf.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Sept. 2024	Mái 2025	Safna meiri efnivið úr náttúru í gönguferðum. (Haust og vor). Hafa hann aðgengilegan inn á deild.	Að þau velji sjálf og skapi það sem þeirra ímyndunarafli býr til og aðgengi að efninu verði til staðar.
Útivera	Nota útikennslu með tíðari gönguferðum. Skoða náttúruna.	Fara í gönguferð út fyrir lóðina einu sinni í viku.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Sept. 2024	Mái 2025	Taka ljósmyndir og skapa eitthvað úr þeim efnivið sem við finnum í náttúrunni.	Útivera og náttúra hefur góð áhrif á hreyfiproska og skynjun barna.



Veturinn á Putalandi gekk nokkuð vel en alls voru 17 börn á deildinni öll fædd 2020-2019. Það sem einkenndi barnahópin var mikil orka og gleði. Alls voru 13 strákar og 3 stelpur.

Í vetur var nokkuð góður stöðugleiki á starfsfólki og samvinna inni á deildinni því mjög góð.

Dagskipulagið á Putalandi var eins á milli ára, fastir þættir eins og morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing á sínum stað. Tvær samverustundir önnur fyrir morgunútiveru þar sem er sungið og spjallað saman og svo aftur samverustund fyrir hádegismatinn. Barnahópnum var alltaf skipt í tvennt í samverustundum og voru allir sammála um að það hafi verið góð breyting.



Góð hvíld var svo í hádeginu og þá sofa þau sem þurfa og hin hlusta á rólega tónlist og sögur. Leikurinn fékk svo að njóta sín inn á milli yfir allan daginn. Við nýttum útiveruna vel í vetur og vorum við tvisvar til þrisvar sinnum út á dag. Í vor náðum að fara í nokkrar skemmtilegar vettvangsferðir en til að mynda fórum við í heimsóknir bókasafnið á Seltjarnarnesi, fórum reglulega í strætóferðir og eins heimsóttum hin ýmsu söfn í nærumhverfi. Í sumar fórum líka í skemmtilega ferð í Hljómskálagarðinn þar sem við grilluðum pylsur í hádeginu.

Melinda Marto, deildarstjóri.



Umbótaáætlun Putalands fyrir veturinn 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	hefst	lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera og úti kennsla	Bæta við útikennslu í dagskrá deildarinnar.	Hvetja alla starfsmenn til að tak þátt og að skiptast vikulega, undirbúa fyrir fram.	Deildarstjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Sept 2024	Vor 2025	Tökum myndir og sófnum gögnum.	Orðið fastur liður í dagskipulagi nu okkar.
Deildarfundir og undirbúningur starfsfólks	Deildarfundir í forfangi. Finna tíma fyrir undirbúning starfsfólkið á deildunum.	Hafa fasta fundi einu sinni á mánuði, undirbúa mikilvæg atriði til að ræða um. Nýta tímann betur til að senda starfsmenn í undirbúningstíma.	Deildarstjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Haust 2023	Vor 2024	Reglulega skráning inn dagbók	Deildarfundir og undirbúningur séu með fast skipulag.



Greinagerð

Í júní 2023 var ljóst að Hagaborg og Grandaborg myndu deila húsinu í garði Hagaborgar. Þar sem húsið er hannað sem ein deild var ljóst að samvinna þyrfti að vera mikil því ómögulegt væri að aðskilja deildirnar. Börnunum var skipt upp í tvo hópa (deildir) Fjöruvík og Drekaland. Á Fjöruvík voru börn fædd árið 2021 og 2020, öll frá Grandaborg og á Drekalandi voru börn fædd 2020 og 2019 bæði frá Grandaborg og Hagaborg.

Þar sem Drekaland var með börn frá báðum leikskólum þurfti að búa til nýja starfsáætlun sem mundi vinna eftir námskrá beggja leikskóla. Ljóst var strax að eitthvað mundi þurfa að víkja og annað með vægari áherslu. Leikur að Læra (LAL) tímar voru teknir út og minni áhersla sett á Vináttuverkefnið Blæ. Í stað þess komu reglulegir Lubba tímar, útinám og Tröllaskógurinn (Erasmus þróunarverkefni). September fór í að fínþússa okkar daglega rútinu bæði hjá starfsfólki og hjá börnunum. Börnin voru einnig að koma af þremur mismunandi deildum innan Hagaborgar ásamt börnum frá Grandaborg og svo voru tvö ný. Því var þetta smá aðlögun fyrir hópinn að kynnast ekki bara nýjum kennurum og nýjum stefnum á stórri deild heldur líka hvort öðru. Ekki voru öll börnin vön því mikla frjálsa vali sem við vinnum eftir á Drekalandi og geta gengið í hlutina sjálf. Það tók því tíma fyrir sum börnin að læra á nýjar áherslur og siði, t.d. að ganga frá dótinu sjálf áður en farið væri í nýtt. Fljótlega komst þetta í góða rútinu og sama á við um skipulag deildarinnar, ekki gátu t.d. öll börnin farið að borða hádegismat á sama tíma og því fór Fjöruvíkin fyrst og svo Drekaland. Samsagt tvískiptur hádegismatur.

Eftir áramót var ákveðið að færa þrjú Fjöruvíkurbörn í Drekalandshópinn vegna þroska. Einnig kom eitt barn frá Fiskalandi yfir á Drekaland. Við það voru töluvert fleiri börn í Drekalandshópnum eða 18 á móti 11 í Fjöruvík.



Tröllaskógurinn

Tröllaskógurinn var evrópskt samvinnuverkefni þar sem unnið var með leikskóla í Stokkhólmi, ásamt þremur öðrum leikskólum hér í Reykjavík. Verkefnið felst í því að vinna með eina sögu allan veturinn og rannsaka og læra allt sem okkur dettur í hug sem tengist beint eða óbeint við þessa sögu. Verkefnið sló í gegn hjá börnunum og stóðu sérstakar leikstundir upp úr þar sem búið var til leikheim með trjám og myndum varpað upp á vegg, ásamt búningum sem börnin gátu gengið í. Við fórum djúpt í allskonar sem var tengt bókinni, svo sem skóg, tré og dýr. Lærðum líka að tröll í Svíþjóð eru allt öðruvísi bæði í hegðun og útliti, sem börnunum fannst mjög merkilegt.



Lubbastundir



Útinám



**Ekki var gerð sérstök umbótaráætlun fyrir skólaárið 2024-2025 þar sem Drekaland mun halda áfram í samstarfi við Grandaborg og þar af leiðandi mun deildin fylgja umbótaráætlun þeirra eftir.*

Halldór Halldórsson, deildarstjóri Drekalands.



Veturinn á Fiskalandi var heldur óvenjulegur og margt sem hafði áhrif á starfið. Það gekk frekar illa að ráða inn starfsfólk á deildina og eins þurfti deildarstjórinn að fara í veikindaleyfi snemma í haust. Því var töluvert um hlutastarfsfólk og afleysingar inn á deildinni og því lítil stöðuleiki á mönnun. Aðstoðarleikskólastjóri tók þar af leiðandi tímabundið við sem deildarstjóri á deildinni.

Á deildinni voru alls 16 börn öll fædd 2019 og yfirleitt þrír starfsmenn með hópinn. Með tímanum komst meiri stöðuleiki á mönnun á deildinni en því miður náðist ekki að ráða inn deildarstjóra í afleysingu. Hvað varðar faglegt starf var reglulega unnið með vináttu verkefnið Blær í litlum hópum.



Vináttuverkefnið Blær

Fyrir áramót var hópastarf þrisvar í viku þar sem unnið var í svokallaðri hringekju. Í hópastarfinu var helst lögð áhersla á málörvun, unnið með verkefnabókina „Í Talnalandi“ eftir Hafðísi Finnbogadóttur og fönðrað og fleira.



Verkefnavinna í hópastarfi.

Í mars 2024 var ákveðið á bæta hljóðvist inn á deildinni öllum til mikillar ánægju og var útkoman mjög góð en því miður náðum við að njóta hljóðvistarinnar í stuttan tíma vegna framkvæmda á deildinni.

Síðasta árið hefur Hagaborg verið undir smásjá hvað varðar innivist og með nánari skoðun í vetur kom í ljós að það þurfti að gera töluverðar framkvæmdir á Fiskalandi og því þurfti að loka deildinni tímabundið. Viðgerðir á deildinni drógust töluvert á langinn en deildin var lokuð alveg fram í lok ágúst 2024. Vegna þessara framkvæmda þurfti að skipta upp barnahópnum niður á nokkrar deildir og eins var íþróttasalnum breytt í eina litla deild.



Samverustund upp í sal

Alls voru 12 börn upp í sal á meðan restin af hópnum var dreifð um skólann. Það verður að hrósa öllu starfsfólki skólans fyrir að sýna mikinn sveigjanleika og góða samvinnu til að láta þetta allt



saman ganga upp. Ljóst er þó að allt þetta rask hafði töluverð áhrif á faglegt starf á deildinni. Því má segja að megináhersla í starfinu á Fiskalandi í vetur hafi verið á öryggi og vellíðan barnanna í nýju og breyttu umhverfi. Barnahópurinn sýndi ótrúlega aðlögunarhæfni og dafnaði vel þennan veturinn. Foreldrasamstarf var virkilega gott á þessum flóknum tímum og ómetanlegt hvað foreldrar sýndu breytingunum mikinn skilning.

Í ljósi þessa verður að segja að það hafi líka skapast tækifæri til að brjóta upp starfið og gera nýja spennandi hluti með barnahópnum. Útiveran var til að mynda töluvert meiri en vanalega og eins var reglulega farið í skemmtilegar vettvangsferðir í nærumhverfinu. Leikurinn fékk einnig meiri tíma og var virkilega gaman að fylgjast með barnahópnum í skapandi leikjum.



Gönguferð á leikvöll í nærumhverfi skólans.

Þrátt fyrir mjög svo krefjandi og lærdómsríkan vetur þá held ég

við getum glöð unað eftir veturinn þó það sé alltaf hægt að gera betur en barnahópurinn var almennt ánægður og myndaði sterk félagsleg tengsl sín á milli og foreldrasamstarfið var traust.



Búningadagur upp í sal 😊



Umbótaáætlun Fiskalands fyrir veturinn 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Vinna meira með fjölbreyttari sköpun inn á deildinni.	Safna meiri efnivið úr náttúru sem börnin geta skapað úr sjálf. Virkja starfsmenn til að undirbúa fjölbreytta sköpun.	Deildar stjóri og aðrir starfsmenn.	Sept. 2024	Júní 2025	Taka myndir og setja upp gott skipulag sem gefur sköpun tíma í dagskipulaginu.	Verkin séu sýnileg inn á deild og í fataklefa. Efniviður og verkfæri til sköpunar sé aðgengileg fyrir börnin alla daga.
Samverustundir og sjónrænt dagskipulag.	Tvískipta samverustundum og vinna með markvisst með sjónrænt dagskipulag.	Skipta í hópa, vera með tilbúið dagskipulag sem öll börn deildarinnar fara eftir. Leggja inn sjónrænt dagskipulag í öllum morgunsamverum.	Deildarstjóri	Sept. 2024	Maí 2025	Á deildarfundum og í samvinnu milli starfsfólks. Skráningar og samtöl við börnin.	Að börnin fái sem mest út úr hverri samverustund og að þau þekki sjónrænt dagskipulag deildarinnar. Gæði hvernar samverustundar aukist og að börnin fá viðeigandi þjálfun sem ýtir undir málþroska þeirra.
Útivera og vettvangsferðir	Festa reglulegar gönguferðir í dagskipulagi og vinna með útinám.	Setja gönguferðir/vettvangsferðir í stundaskrá. Vera með skipulagt útinám og vinna í hópum.	Deildar stjóri og starfsfólk.	Sept 2024	Maí 2025	Taka myndir og með skráningum.	Að það sé til góður hugmyndabanki fyrir útinám og að börnin fari reglulega í gönguferðir í nærumhverfi. Börnin fái krefjandi verkefni í útiveru sem ýta undir hreyfiproska þeirra.



Greinagerð deildarstjóra

Frá Fuglalandi útskrifuðust 27 börn öll fædd 2018 á deildinni. Þar af voru 13 stúlkur og 14 drengir. Starfsmenn deildarinnar eru 5 talsins í misjöfnu starfshlutfalli. Á deildinni eru 6 tvítyngd börn og hafa þrjú þeirra farið í málörvun u.þ.b. einu sinni í viku. Það má segja að deildin hafi verið krefjandi á köflum af ýmsum ástæðum en barnahópurinn er skemmtilegur, leikglaður og skapandi. Sjö stúlkur voru á sínu öðru ári á deildinni svo þær leiddu hópinn áfram fyrstu vikurnar í söng og reglum deildarinnar 😊.



Við byrjuðum haustið á því að kynnst í rólegheitunum og hrista hópinn saman því þau komu ekki öll af sömu deild og eins og áður sagði þá voru sjö stúlkur fyrir. Fyrsta þemaverkefnið sem við tókum fyrir var



„umhverfisþema“. Í þessu þemaverkefni fórum við í gönguferðir m.a. í Hólavallakirkjugarð þar sem við vöktum athygli barnanna á stærsta lerkitré á Íslandi og að sjálfsögðu öðrum trjám og gróðri. Einnig fórum við að sjálfsögðu í fjöruna þar sem horft var undir hvern stein og lífríkið skoðað. Í þessu þema sömdu börnin ljóð sem voru hengd á ljóðatré þar sem foreldrar gátu séð og lesið.



Næsta þema var þema um gildi Hagaborgar en þau eru, *Vínátta, Virðing og Hugrekki*. Við höfum þemavikur um þessi gildi á hverju ári. Þar á eftir tók við þema sem við köllum „Húsa/heimamenningu“ þema. Í þessu þema förum við að heimilum allra barnanna og tókum mynd af þeim við dyrnar sem þeim tilheyra. Við vinnum áfram í þessu þema með

myndirnar sem við tókum og í allskonar sköpun. Þetta var mjög skemmtilegt þema sem börnin höfðu sérstaklega gaman að og varði það í fjórar vikur.



Við vorum með „Norðurlanda“ þema í nóvember. Í þessu þema fórum við í Norrænahúsið á sýningu um „Einar Áskel“. Hvert land fékk eina viku þar sem við lásum bækur sungum lög á viðkomandi tungumáli og fræddumst um höfuðborgir, fána og sitthvað fleira.

Í desember lögðum við áherslu á rólegheit og jólagleði. Okkur finnst nóg um ys og þys í þessum mánuði og viljum að Hagaborg geti verið sá staður sem börnin eru laus við stress og læti í aðdraganda jóla.

Í janúar völdu börnin að taka fyrir „risaeðluþema“ sem þróaðist áfram og varð að þema um „plánetur“ en kveikjan af því þema varð þegar fjallað var um að loftsteinn hefði grandað risaeðlunum.

Á vormánuðum var síðan „listaþema“ og „fuglaþema“ og ýmsar ferðir á listasöfn, fjörur, holt og tún. Skemmtileg þema bæði tvö.

Leikur að læra: LAL hefur verið á deildinni þar sem við vinnum með hreyfingu og nám. Einu sinni í viku í sal og einnig inn á deild í stórum þrautabrautum. Það eru svokölluð foreldraverkefni einu sinni til tvisvar í viku en þá hjálpa foreldrar börnum sínum að leysa verkefni í fataklefanum áður en þau koma inn á deild. Þetta eru ávallt verkefni sem innihalda hreyfingu og nám, t.d. „ hoppa 5 sprellikarlahopp og skrifa orð á töfluna sem byrjar á Ff sem er stafur vikunnar“.



Blær: Vináttuverkefni sem unnið er með tvisvar í mánuði.

Í byrjun unnum við mun oftast með Blæ þar sem við vorum að fjalla um tilfinningar og einnig í þemanu um virðingu og seinna þurftum við að skerpa á aga reglum á deildinni. Vináttuverkefnið „Blær“ er mjög gott verkfæri til að nota með börnunum og fá þau til að tala um tilfinningar sínar og hvernig við komum fram við aðra.



Læsi: Á hverjum morgni erum við með „ljóðastund“ þar lesum við ljóð (oftast ljóð Þórarins Eldjárns) og spjöllum um þau. Börnin semja ljóð sem við höfum sýnileg og einnig sögur sem þau myndskreyta og fer síðan í ferilmöppur þeirra. Í samverustundum leggjum við áherslu á að lesa fyrir börnin bækur við þeirra hæfi og eftir áramótin förum

við að lesa þyngri framhaldssögur. Einnig eru tónlistartímar einu sinni í viku þar sem börnin fá að spila sjálf á hljóðfæri og semja lög sem þau syngja.

María Steindórsdóttir og Rakel Edda Ólafsdóttir.

Umbótaráætlun Fuglalands 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera og vettvangsferðir	Festa reglulegar gönguferðir í dagskipulagi og vinna með útinám.	Setja gönguferðir/vettvangsferðir í stundaskrá. Vera með skipulagt útinám og vinna í hópum.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sep t 2024	Maí 2025	Taka myndir og með skráningum.	Að það sé til góður hugmyndabanki fyrir útinám og að börnin fari reglulega í gönguferðir í nærumhverfi. Börnin fá krefjandi verkefni í útiveru sem ýta undir hreyfiproska þeirra.
Samverustundir og sjónrænt dagskipulag.	Koma inn sjónrænu skipulagi í samverustundir.	Búa til sýnilegt sjónrænt skipulag.	Deildarstj.	Sep t 2024	Maí 2025	Á deildarfundum.	Börnin og starfsfólk tileinki sér að fylgja sjónrænu skipulagi alla daga.
Áframhaldandi vinna með þemavinnu.	Vinna með mismunandi þemu í hverjum mánuði.	Skipuleggja þema með góðum fyrirvara og virkja allt starfsfólk í hugmyndavinnu.	Deildarstj.	Sep t 2024	Maí 2025	Á deildarfundum.	Þemavinna skili ánægju og árangri. Sé sýnileg inn á deildinni.



Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í vetur voru þrír stafsmenn í sérkennslu sem skiptu á milli sín stuðningi við þau börn sem þurftu á honum að halda. Öll börn sem fengu þjálfun í sérkennslu fengu einstaklingsnámskrá. Allar þjálfunarstundir voru skráðar niður og framfarir mældar.</p> <p>Stuðningsbörnin tóku þátt í daglegu starfi á sinni deild jafn mikið og önnur börn. Nokkur fengu sérkennara með sér inn á deild part úr degi eða í ferðir fyrir utan leikskóla. Tvö stuðningsbörn fengu daglega þjálfun í sérkennslu í stað þess að fara í hvíld.</p> <p>Helstu áskoranir vetrarins var mannekla í leikskólanum. Stuðningi við börnin var ekki alltaf sinnt eins og vera ætli því sérkennarar þurftu oft að vera sveigjanleg og fara í önnur verkefni með litlum fyrirvara.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við notuðumst mest við AEPS. En einnig; TRAS, HLJÓM-2, EFI2, hæfnirammann og íslenska máhljóðalistann.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notuðumst við efni héðan og þaðan og er þessi listi ekki tæmandi. En við notuðum T.d lærum og leikum með hljóðin, orðagull, tölum saman, ljáðu mér eyra. Einnig notuðumst við mikið við spil (sérstaklega frá orchard toys) og bækur. Auk þess sóttum við okkur námsefni og verkefni frá síðum eins og fjölbreytt kennsla.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Einstakligs áætlunir.	Einstaklingsáætlunir og samvinna við deildir.	Setja upp einstaklingsáætlunir fyrir öll börn með stuðningsþörf. Einstaklingsáætlunir verða aðgengilegar inn á deildum í samstarfi við sérkennslu.	Sérkennslu Stjóri og deildars tj.	Haust 2024	Haust 2025	Regluleg samtöl (3-6 mánaða fresti) á milli sérkennslustjóra og deildarstjóra. Hvernig fannst þeim að stuðningi hafi verið sinnt og hvort markmiðum hafi verið náð.	Eru deildarstjóri og sérkennslustjóri sáttir með árangurinn?
Lausnar- teymi	Mynda lausnarteymi skólans	Setja niður fasta fundi og vinna eftir verklagi um lausnarteymi. Deildarstjórar verði partur af lausnarteymi	Stjórnun dateymi skólans	Haust 2024	Haust 2025	Skráningar og fundir.	Að leikskólinn geti nýtt þá þekkingu og reynslu sem er liggur í mannauðnum til þess að finna lausnir á vandamálum sem koma upp, án aðkomu Vesturmiðstöðvar
Málþroska mat á börnum á 4 ári	Þörf er á að meta frekar málþroska barnanna innan leikskólans með reglubundnum hætti.	Öll börn innan skólans á 4 ári gangist undir málþroskamatið EFI-2.	Sérkennslu- teymi	Haust 2024	Vor 2025	Nemendahópn um verður skipt niður í nokkra hópa og EFI-2 lagt fyrir yfir skólaárið	Að betri yfirsýn sé yfir sérkennsluþörf og málþroskavanda barna á 4 ári í leikskólanum.
Markvissir málörvuna rhópar	Þörf á að koma meira til móts við börn sem eru fjöltyngd sem og börnum með slakan málþroska	Markvissum málörvunarpum verður komið af stað, þar sem unnið verður í jafnaldráhópum. Mesta áherslan verður á skólahóp.	Sérkennslu- teymi	Haust 2024	Vor 2025	Markmið verða sett í upphafi annar og þau metin og endurmetin með reglubundnum hætti. Skólahópur mun mæta 4 sinnum í viku, aðrar deildir 1 sinni í viku.	Að börn með málþroskavanda og tvítyngi búi yfir fjölbreyttari orðaforða og hafi meiri málskiðning



Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Allir þrír starfsmenn sérkennslunar komu að málörvun fjöltyngdra barna í vetur. Nokkur börn sem verst stóðu fengu einka málörvunarstundir í sérkennslu reglulega. Einn sérkennari sinnti málörvun niðri á deild. Hún fór niður á yngstu þrjár deildarnar þegar færi gafst og var með hópastarf fyrir fjöltyngdu börnin.</p> <p>Við hefðum viljað hafa aðeins meira skipulag og skráningar í kringum málörvunarstundirnar en vegna manneklu reyndist það erfitt.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Þegar sérkennari var með hópastarf á deild fyrir fjöltyngd börn var markviss farið yfir praktískan daglegan orðaforða.</p> <p>Gefðu 10 var lagt inn nokkrum sinnum, en við erum ekki viss hversu vel því var sinnt.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Við í sérkennslunni lögðum sérstaka áherslu á að dýpka orðaforða. Annars var það persónulegur munur á milli kennara leikskólans hvar áherslur þeirra lágu.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Við höfum einungis notast við matstæki fyrir þau börn sem standa verst og fá einka málörvun í sérkennslu, en ekki öll börn.</p> <p>Við höfum notast við lista frá greiningarstöðinni, sem og TRAS og hæfnirammann.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Já það er hugað að öllum þessum þáttum. Þó sumum meira en öðrum. Það mætti alveg fara yfir þessa þætti greina hvar við getum bætt okkur.</p>



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Faglegt starf og málörvun.	Betra skipulag í daglegri málörvun inni á deild.	Koma upp skipulögðu hópastarfi fyrir fjöltyngd börn á hverri deild fyrir sig. Allir kennarar taki þátt! Skrá hópastarf (hvað var gert og framfarir barnanna.)	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Sept 2024	Ágúst 2025	Farið yfir skráningar.	Náðist að hafa hópastarf reglulega? Hvernig voru framfarir barnanna?

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl:

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtöl við starfsfólk á vormánuðum þar sem rætt var um hvernig við metum starfsánægju okkar og líðan í starfi. Þá var einnig rætt um samstarf milli starfsmanna og í starfshópnum. Í viðtölunum fengu starfsmenn tækifæri til þess að tjá sig hvað væri hægt að gera betur og hvar þeir myndu sjá sig í framtíðinni í starfi. Því miður kláruðust ekki öll viðtölin um vorið og því er stefnt að klára þau strax í september 2024 eftir að aðlögun ljúki.

Fræðsla:

- Þann 16. október fengum við fræðslu frá *Kvan* og þar sem var haldið var erindi um sterka liðsheild, jákvæðan anda á vinnustað og samskipti. Fyrirlesturinn var haldinn í Hagaborg og var mikil ánægja með fræðsluna hjá starfsmannahópnum.

- Dagana 24.-28 apríl fóru 12 starfsmenn í leikskólanum í námsferð til Dyflinnar á Írlandi. Þá voru tveir skipulagsdagar nýttir í ferðina. Námsferðin var á vegum ferðaskrifstofunnar Mundo og fólst hún í einni leikskólaheimsókn og námskeiði í jákvæðri sálfræði. Hrefna Guðmundsdóttir vinnusálfræðingur var fararstjóri ferðarinnar og einnig leiddi hún námskeið í



jákvæðri sálfræði fyrir hópinn. Haldið var 8,5 klukkustunda námskeið í jákvæðri sálfræði en jákvæð sálfræði er eitthvað sem við í Hagaborg viljum hafa í leiðarljósi í okkar starfi og teljum við að námskeiðið hafi eflt og dýpkað þekkingu starfsfólksins á viðfangsefninu. Markmið ferðarinnar var að styrkja og efla starfsmannahópinn til að takast á við þær fjölbreyttu áskoranir sem leikskólastarfið býður upp á. Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á ávinning þess að fletta jákvæðri sálfræði í skólastarfið. En eitt af aðal markmiðum jákvæðrar sálfræðar er að framkalla jákvæðar tilfinningar, kraft og þrautseigju.

Þá var ein leikskólaheimsókn í ferðinni þar sem heimsóttur var leikskólinn *The learning tree*. Skólinn gefur sig út fyrir að vera Montessori skóli og eru einingakubbar og opinn efniviður aðalþættir í kennslunni. Skólinn leggur áherslu á að umhverfi barnanna sé hvetjandi fyrir sjálfstæða hugsun og ýti undir sköpun. Við í Hagaborg höfum undanfarið verið að leggja meiri áherslu á frjálsa leikinn í takt við nýjar áherslur á Aðalnámskrá leikskóla og því var mikil tilhlökkun að heimsækja *The learning tree* til fá nýjar hugmyndir og þekkingu í starfið okkar. Því miður var skólaheimsóknin örlítill vonbrigði og því lítið af hugmyndum sem fengust út úr heimsókninni. Aftur á móti skapaði heimsóknin heilmikla faglega umræðu meðal starfsmannahópsins og var helsta niðurstaðan var sú að við í Hagaborg getum verið nokkuð stolt af okkar skóla.

Það var hluti af starfsmannahópnum sem hafði ekki tók á því að fara í ferðina og var því sér dagskrá fyrir þann hóp þessa starfsdaga. Hópurinn fór þá í tvær leikskólaheimsóknir og fékk áhugaverða fræðslu frá Miðju Máls og læsi en hún Emilía Rafnsdóttir sá um fyrirlesturinn. Fyrirlesturinn fjallaði um gæðamálvun og mikilvægi þess að starfsmenn tileinki sér þá í daglegu starfi.

Í apríl tók allt starfsfólk skólans rafrænt námskeið frá Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna- og unglunga á aldrinum 2 til 6 ára. Markmið með námskeiðinu er að efla forvarnir meðal barna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og að starfsfólk skóla þekki helstu birtingarmyndir þess.



Á skipulagsdegi í vor var haldið menntastefnumót þar sem fjölbreyttir og spennandi viðburðir voru skipulagðir með starfsfólki í leikskólum, grunnskólum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum í öllum borgarhlutum Reykjavíkur. Á þessum viðburðum gafst starfsfólki tækifæri til að kynnst fjölbreyttum verkefnum sem verið er að vinna með á mismunandi starfstöðvum. Eftir samtöl við starfsfólkið virtist vera mikil ánægja með menntastefnumótið og var ljóst að allir gátu fundið sér viðfangsefni við sitt hæfi eftir smekk og ástríðu.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Hagaborgar fengu þann heiður að halda eitt erindi um smiðjurnar okkar í Hagaborg. En síðustu ár höfum við í Hagaborg haldið fjölbreyttar smiðjur þar sem unnið er með mismunandi þemu og gildi Hagaborgar.



Að lokum má minnast á *Torgið*, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar, býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk. Kerfið hefur verið kynnt reglulega á starfsdögum og starfsfólk hvatt til þess að nýta sér þá fræðslu í undirbúningstímum.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Í síðast liðna vor var börnunum boðið í eina heimsókn í Melaskóla í maí og svo var einnig nú. Í þessari heimsókn fólst að:

- Frístundaheimilið Selið var heimsótt
- Bókasafn Melaskóla var heimsótt

Þá bauð Melaskóli væntanlegum skólabörnum í Melaskóla í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar í lok maí og foreldrar þeirra fóru með þeim.

FORELDRASAMVINNA

Lykilinn að vellíðan barna í leikskólanum er gott samstarf milli starfsfólks og foreldra. Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið hefur staðið straum af kostnaði við ýmsar upptakur í starfinu. Í desember bauð foreldrafélagið okkur upp á jólasveina og ávaxtanammi á jólaballinu okkar. Þá fengum við Krakkahesta í vor á þeirra kostnað og einnig borgaði foreldrafélagið helming af útskriftarferð elstu barnanna. Þá var haldin sumarhátíð á vegum foreldrafélagsins en starfsmenn tóku einnig þátt í henni.



Foreldrakaffi var á haustönn og vorönn þar sem foreldrum var boðið með inn í morgunmat. Þá var foreldrum einnig boðið upp á kaffi og kleinur eftir jólaballið. Útskriftarveisla var haldin fyrir elstu börn og foreldra þeirra. Að hausti eru hér endurfundir en þá koma börnin sem byrjuðu í grunnskóla en voru hjá okkur veturinn á undan í heimsókn í kvöldverð með foreldrum sínum.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Því leggjum við mikla áherslu að senda skemmtilega föstudagspósta en þá fá foreldrar tækifæri að skyggast inn í daglegt líf í leikskólanum. Eins viljum við ap þegar börnin eru mæta eða fara að sá tími sé nýttur vel til að upplýsa foreldra frá skemmtilegum atvikum eða almennt um hvernig dagurinn gekk fyrir sig.

Foreldrafélag

- Foreldrafélag samanstendur af fjórum foreldrum og eins hvetjum við alla foreldra til að taka þátt á foreldrakynningum í haust.

Foreldraráðið hefur séð um yfirlestur á helstu skjöl er varðar skólastarfið í Hagaborg, s.s. starfsáætlun, leikskóladagatal og starfsdaga skólaársins.

- Tveir foreldrar eru í foreldraráði og kosið er í haust um nýja fulltrúa í ráðinu.

Foreldraviðtöl

- Þau fara fram tvisvar á skólaárinu. Á haustönn fara þau fram um mánaðarmótin október/nóvember. Á vorönn fara þau fram í apríl/maí

Foreldrafundir

- Á haustönn fara fram foreldrakynningar í sal skólans. Þá er foreldrum hveurrar deildar boðið að koma kl. 8:30 og sitja kynningu frá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.



SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Hér fyrir neðan má sjá skipulagsdaga í Hagaborg komandi starfsár. Þrír eru sameiginlegir með grunnskólanum. Sumarlokun sumarið 2025 verður 9. júlí – 7. ágúst að báðum dögum meðtöldum, með fyrirvara. Hagaborg opnar því aftur fimmtudaginn 8. ágúst eftir sumarlokun.

Skipulagsdagar í Hagaborg skólaárið 2024-2025 verða eftirfarandi:

27. september: Undirbúningur fyrir starfið í vetur.

8. nóvember : Lubba námskeið fyrir starfsfólk.

10. mars: Endurmat/undirbúningur fyrir foreldrasamtöl

10. maí: Hópefli og þetta starfsmannahópinn.

6. júní: Deildarvinna og skipulagning á sumarstarfi.

F. h. leikskólans Hagaborgar

19. september 2024

Erna Guðlaugsdóttir leikskólastjóri

Bryndís Hanna Hreinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri



Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. L	1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ
2. F	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M	2. M
3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. M	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F
4. S	4. M	4. F	4. M	4. M	4. L	4. Þ	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F
5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. L
6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. S
7. M	7. L	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L	7. M
8. F	8. S	8. Þ	8. M	8. S	8. M	8. L	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M	9. M
10. L	10. Þ	10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. M	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. Þ	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F
12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. L
13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. F	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. S
14. M	14. L	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L	14. M
15. F	15. S	15. Þ	15. M	15. S	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ
16. F	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. F	16. S	16. M	16. F	16. M	16. M
17. L	17. Þ	17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. M	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F
18. S	18. M	18. F	18. M	18. M	18. L	18. Þ	18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. F
19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. L
20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. S
21. M	21. L	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L	21. M
22. S	22. Þ	22. F	22. S	22. S	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M	23. M
24. L	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. M	24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F
25. S	25. M	25. F	25. M	25. M	25. L	25. Þ	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. F
26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F	26. L
27. Þ	27. F	27. M	27. S	27. F	27. M	27. F	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S
28. M	28. L	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. M
29. F	29. S	29. Þ	29. M	29. S	29. M	29. L	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. Þ
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. F	30. S	30. M	30. F	30. M	30. M
31. L	31. F	31. F	31. M	31. Þ	31. F	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L

Í reglum um leikskólajöfnu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajöfnid lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólajöfnid ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólajöfnendur leik- og grunnskóla við að

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2024 – 2025

Leikskólinn Hagaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa: Sigyn Jónsdóttir og Thedór Ólafsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.



- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

UMSÖGN FORELDRARÁÐS VEGNA STARFSÁÆTLUNAR HAGABORGAR 2024/2025

Áhugavert er að sjá niðurstöður úr Gallup könnun, augljóst að hér eru skýr skilaboð um að Reykjavíkurborg þurfi að huga betur að starfsumhverfi og launakjörum leikskólastarfsfólks. Stjórnendur Hagaborgar standa sig vel og við hlökkum til að fá Bryndísi aftur til starfa eftir orlof.

Gott að sjá að það er verið að lagfæra og endurbæta húsnæði leikskólans. Það var augljóslega kominn tími á þær framkvæmdir og gott að ekki var beðið lengur með þær, barnanna sem og starfsfólksins vegna. Það er, að okkar mati, gott að Hagaborg sjái alfarið um reksturinn á nýja húsinu þó svo samstarfið á milli þessara tveggja eininga sé gott.

Þegar sú ákvörðun var tekin að byrja í samstarfi við Skólamat bar á óánægju meðal foreldra sem töldu að þarna væri verið að draga úr gæðum máltíða á leikskólanum. Börnin virka hinsvegar ánægð og það er skiljanlegt að með breyttum tímum þá verður eldamennska á leikskóla töluvert flóknari en hún var hér áður fyrr.

Umbótaáætlun skólans í heild:



Ánægjulegt er að sjá umbótaverkefni um fræðslu vegna kynferðis- og kynbundins ofbeldis. Velta má upp hvort það væri vert að bæta við fræðslu til starfsfólks og jafnvel foreldra um útlendingahatur og kynþáttafordóma, fræðslu sem skortir almennt í íslensku samfélagi.

Það er mikilvægur þáttur í góðu leikskólasterfi að starfsfólki líði vel og því er gott að sjá að það eigi að vinna markvisst að því að bæta vellíðan starfsfólks því það mun skila sér í enn betri líðan barna á leikskólanum.

Aukin áhersla á sjálfsprottinn leik ásamt útiveru og hreyfingu er sérstaklega mikilvæg á tímum þar sem hin ýmsu skjátæki eru farin að ræna börn hæfileikanum til þess að að leika sér sjálfstætt auk þess sem þau geta dregið úr hreyfingu barna.

Umbótaáætlun deilda:

Það er til mikillar fyrirmyndar að sjá að það liggja fyrir umbótaáætlanir fyrir allar deildir og vonandi gefst starfsfólki skólans tækifæri til þess að vinna að þessum umbótum.

Nauðsynlegt er að hlúa vel að þeim börnum sem eru tvítyngd því tungumálið okkar er þeirra besta verkfæri til að upplifa sig sem hluta af samfélaginu okkar.

Sigyn Jónsdóttir

Theodór Ingi Ólafsson



